




Prentsögusetur



Hvað hefur gerst?

Það er sannast sagna að frá stofnun hafa einstaklingar og fyrirtæki verið óþreytandi að benda okkur á og færa okkur tæki sem talið er að hafi sögulegt gildi. Flutt hafa verið nokkur slík í geymslu austur á Eyrarbakka; tæki til setningar og umbrots, prentunar og bókbands. Þessar vélar bíða sveipaðar plasti eftir því að húsnæðið sem okkur er ætlað verði tilbúið til notkunar. Miklar framkvæmdir hafa verið í tengslum við húsnæðið og ekki fyllilega ljóst hvenær þeim lýkur. Fleiri tæki eru geymd fyrir okkur í Reykjavík, þar sem plássleysi háir okkur fyrir austan. Fyrirtæki hafa frestað að fleygja tækjabúnaði til þess að gefa Prentsögusetri kost á þeim. Fyrir þetta þökkum við



Sýnishorn af tækjakosti

Hér eru nokkur sýnishorn af tækjum og tólum, sem Prentisöguverki hafa áskotnast á þeim tveimur árum sem liðin eru frá stofnun þess. Stjórnarmenn hafa farið til að skoða þau tæki sem setrinu eru boðin og skráð gerð og framleiðsluár. Þjóðminjasafnið hefur haft undir höndum töluvert mikið af tækjum úr prentsmiðjum, bókböndum og myndamótagerðum. Safnið hefur gefið setrinu nokkur tæki og hefði viljað að við tækjum fleiri, en geymsluaðstaða hefur því miður ekki leyft að við þiggjum það. En þegar við höfum aðstöðu til getum við fengið þau. Þessi afstaða Þjóðminjasafnins helgast af því að safnið sér ekki fram á að fá aðstöðu til að sýna tækin og þar líta menn svo á að með því að koma á þessu samstarfi við Prentisöguverki sé safnið að forða gripunum frá því að verða gleymsku og/eða eyðileggingu að bráð.



Alpýðusamband Íslands 100 ára

Þegar ASÍ hélt upp á hundrað ára afmæli sitt á síðasta ári leitaði Árbæjarsafn til Prenstöguseturs um samstarf við að manna prentsmiðju safnsins. Alpýðusambandið tók safnið á leigu í einn dag og hugmyndin var að prentsmiðjan yrði starfrækt þann daginn og prentað kort sem var hluti af ratleik í tilefni dagsins. Erling Sigurðsson sá um prentunina en Haukur Már Haraldsson, formaður Prenstöguseturs sá um kynningu á setningarhluta sýningarinnar og laumaði upplýsingum um setrið í leiðinni. Þarna var örtröð allan daginn og mikið spjallað.



Rifrildi og skinnskór

Eitt sinn þegar formaður og gjaldkeri Prenstöguseturs voru á ferðinni á Eyrbakka fengu þeir að kíkja á húsnæðið þar sem fyrsta prentsmiðja staðarins var til húsa. Þar voru þessar minjar um fyrri tíma; rifrildi af fyrsta tölublaði Suðurlands og sauðskinnsskór.

Stjórn Prenstöguseturs

Í stjórn og varastjórn Prenstöguseturs sitja Haukur Már Haraldsson, formaður (haukur1@haukurmar.net); Heimir Br. Jóhannsson, varaformaður; Svanur Jóhannesson, gjaldkeri (svanurjohannesson@gmail.com); Þóra Elfa Björnsson, ritari (toraelfa@hotmail.com) og Þórleifur V. Friðriksson, meðstjórnandi (fridriksson@gudjono.is). Í varastjórn eru Bjargey Gígja Gísladóttir (bgg@tskoli.is) og Baldvin Heimisson (baldvin@an.is).